

halda „tombola“ hér á Eskifirði á þjóðhátíðardaginn 2. ágúst í sumar til inntektar fyrir skólasjóðinn; mun þar og verða „Lotteri“ (lukkuhjól) og líklega ýmislegt gjört til skemtnar mönnum. — Vér vísum um það að eins til auglýsingar þeirrar, sem er í dag um þetta í bláði voru, en vonum að menn sýni góðan áhug á málinu, bæði með því að gefa smámuni til „tombola“ þessarar, og svo með því að sækja hana vel, sér til skemtnar og fyrirtækinu til gagns.

BORÐIÐ MITT.

Borðið mitt er bert og hart
blettum atað ljótum,
hvorki grænt, né grátt, né svart,
og gengr á þremur fótum.

Það á skilið þetta hrós —
því hef ég eftir tekið:
auminginn það elskar ljós,
en það hatar blekið.

Finn ég vel, hvað fagurt er;
fallegt er það eigi.
En það hefir lengi þjónað mér
og þykir mér vænt um greyið.

Það er farið að þekkja mig
þjáðan, kaldan, sveittan;
höfuð mitt þar hvíldi sig,
er hugsaði ég mig þreyttan.

Við höfum unnið súrt og sætt
saman á nótt og dægi;
það hefir orðið mér svo mætt,
mest því það kvartar eigi.

Það hefir trúá' og ljúfa lund,
sem lof þess herra setur;
ég hef aldrei átt mér hund,
er mér fylgdi betur.

Það, sem fæstir fengu' í skyn,
fékk það oft að heyra;
ég hef aldrei átt mér vin,
er ég sagði fleira.

Hvað ég skrifa, hugsa' eða vinn,
hef ég ei fært í letur;
en hug minn, vonir, vilja minn
veit það öllum betur.

Annar varla vel ég neinn
vin, því margt er hjalað;
en alt af þegir það sem steinn,
og þó gæti skúffan talað.

Margur hver sér mjög svo skamt;
en mér er sem ég finni,

að verði ég ríkur, svo skuli samt
séd fyrir elli þinni.

Gæti ég komizt alþing á,
elsku-vinurinn góði!
eftir-laun ég léti þig fá
úr landsins mikla sjóði.

Indriði Einarsson.

ÉG ER ÞREYTTUR AF ANGIST — HÉR ELDIST MÍN SÁL!

(Rímað í Kaupmannahöfn.)

Ég er þreyttur af angist — hér eld-
[ist mín sál,
svo aflvana berst ég með straum;
hér sloknar og eydist alt óskunnar bál
við unadssemð trylta og glaum.

Ég er þreyttur og leiður við götur og
og glymjandi stórborgar tál' [grjót
og þessa svo stefnulaust streymandi
sem starir og glápir á þrjal. [sjót,

Nei, burtu með hégóma, hræsni og tál
og hjarta svo svikult og kalt;
ég vil leita og finna' eina einustu sál,
sem ann mér og þekkir mitt alt.

Ég vil anda' að mér himinsins hrein-
[ustu lind
á hátind við fossanna straum
og líta svo hlæjandi' af hájökultind
á hégóma lífsins og glaum

Ég vil svífa um hyldjúpan úthafsins ál
og una við stormanna flóð,
því að trylling þá elskar mín undrandi
og ógnbjarta leiftranna glóð. [sál

Ég vil bindast þér, alheimsins eilífa sál,
og anda við náttúru barm
og tala svo hjarta míns helgasta mál
og huggast og — þerra minn hvarm.

Gestr Pálsson.

Frá útlöndum

eru fréttir fáar og strjalar um stund.
Það, er vér höfum síðast fregið, er frá
fyrri mánaða-mótunum (maí—júni). —

Stríðið hélt fram sem hæst,
en fátt var enn orðið sögulegt í því.
Rússum virtist að veita betri í Evrópu,
en Tyrkjum fult svo vel í Asíu, enda
egna þeir þar þegna Rússa til upp-
reisna. —

Frá Dönum er fátt að heyra, sízt
gleðilegt. Peningahrun og óráðvendni
manna með fébrögð fer sívaxandi.

Jafnaðarmenn höfðu stofnað
til mikilla vestrifara frá Danmörku í
vor er leið. Hafði einn af forsprökk-
um þeirra, Povl Geleff, farið í fyrri
til Vestrheims og fyrirbúið þeim ný-
lendustað í Kansas. Hann var vara-
formaðr í félagi jafnaðar-manna og
og gegndi formannsstörfum, því Pio
lagði niðr formannsembætti sit í vetr.
sakir ýmsrar mótsþyrnu er hann átti
að mæta af félagsmönnum, sem yfir
höfuð sýnast hafa launað honum alt
hans erviði með vanþakklæti. — Louis
Pio var sá af forsprökkum jafnaðar-
manna, er langmest var í varid, og
mun það sönnu næst, að hann hafi
jafnan fylgt sannfæring sinni og verið
fulltrúa sjálfur um sannleika sinna kenn-
inga, þótt sumar sé þær afkáralegar
og ýmsar rangar frá rótum. Hann
var lieutenant í hernum áður og hafði
fengið embætti í póststjórninni áður
hann gjörðist jafnaðar-maðr; hann
sagði af sér embætti sínu 1871, er
hann byrjaði að rita um fræði jafn-
aðarmanna, og var hann fangelsaðr árið
eftir og dæmdr í betrunarhúss-vinnu
fyrir óhlýðni við lögreglustjórnina og
og uppreistar-æsingar. Hann sat og
þeir félagar allir þrjú í betrunarhúsi
nokkur ár, en voru svo náðadir af kon-
ungi. Síðan hefir Pio verið forsprakki
jafnaðar-manna sem fyrr: kepti hann
tvisvar um þingsetu við Bille, er fyr-
var ritstjóri „Dagblaðsins“, og hafði
talsverðan flokk með sér nú síðast. —
Rétt á eftir að vestrifara-flokkur jafnaðar-
manna var farinn af stað til nýlend-
unnar fór Pio af stað frá Höfn og það
á laun við flokksmenn sína; var hann
orðinn í peningakröggum svo miklum,
að hann sá eigi fram úr, eftir því,
sem hann sjálf skrifaði heim frá Eng-
landi. Sér í lagi var hann í æðimik-
illi skuld við barónessu Lilienkrantz,
sænska aðals-konu ógifta, er slegizt
hafði í flokk með jafnaðar-mönnum;
hún hafði flæktz í Noregi áður og látið
fallerast með norskum stúðenti. Þetta
er „hefðar-mey“ sú, er „Norðlingr“
talar um, og hefir það þó ei spurzt
að hún hafi keypt uppreisn á mey-
dómi sínum.

Prófessor Frederiksen, sem vér
höfum fyr um getið, hefir fengið laun
í náð frá embætti sínu með fullum
eftirlaunum, og dvelr hann í Frakk-
landi.

J. A. Hansen inn mikli skörungr
vinstri-manna er nú og fallinn úr sög-
unni og það helzt til leiðinlega. Han-
sen var skóari í æsku og hafði aldrei
verið til menningar settr, utan það er
hann lærði sig sjálf. Hann var um
alt forvígis-maðr vinstri-manna, og var
talinn líkastr eða sjálfsgöðr að verða
fyrsti ráðgjafi konungs vors, ef kon-
ungr hefði tekið sér ráðaneyti úr þeim
flokki, sem nú er langfjölmennastr í